

Kynning á vinnu Félagsmálaráðuneytisins við stefnumótun í málefnum barna

Á síðasta ári boðaði ég heildarendurskoðun barnaverndarlaga sem og endurskoðun á félagslegri umgjörð og stuðningi við börn á Íslandi með áherslu á snemmtæka íhlutun og samvinnu kerfa. Við vinnuna er lögð áhersla á víðtækt samstarf og samvinnu, hvort sem um ræðir breytingar á lögum, á reglugerðum eða framkvæmd þjónustu.

Vinnunni er stýrt af félagsmálaráðuneytinu og hefur félags- og barnamálaráðherra skipað þverpólitíska nefnd þingmanna til að hafa yfirumsjón með mótun stefnunnar. Þingmannanefndin starfar með fagfólki sem og notendum kerfisins víða að úr samfélaginu. Samhliða starfa opnir hliðarhópar sérfræðinga um tiltekin málefni. Þá eru fyrirhugaðir opnir fundir á síðari stigum vinnunnar og stærri ráðstefna á vormánuðum.

Aðgerðir til stuðnings börnum og fjölskyldum eru ein dýrmætasta fjárfesting sem samfélagið getur ráðist í. Ég bind vonir við að við sameinumst um þetta mikilvæga og umfangsmikla verkefni þvert á stöðu, fagsvið og flokka.

Hér með er vakin athygli á yfirstandandi vinnu og bent á að þeir sem hafa áhuga á því að koma að vinnunni á einhverjum stigum geta sent ábendingar á netfang sem gefið er upp í meðfylgjandi skjali, komið upplýsingum á framfæri eða óskað eftir þátttöku í hliðarhópum og opnum fundum.

Meðfylgjandi er nánari lýsing á vinnu við stefnumótunina.

Virðingarfyllst,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra

Stefnumótun í málefnum barna, endurskoðun á félagslegri umgjörð og þjónustu við börn á Íslandi

Velferð barna er eitt helsta áhersluatriði núverandi félags- og barnamálaráðherra. Með umbætur að leiðarljósi stóð þá velferðarráðuneytið fyrir opinni ráðstefnu um málefni barna á Hilton Reykjavík Nordica 8. maí 2018 en yfirskrift hennar var „Snemmtæk ihlutun í málefnum barna á Íslandi“ eða SIMBI. Ráðstefnan markaði upphaf endurskoðunar á þjónustu við börn og þótti afar vel heppnuð. Á meðal ráðstefnugesta, sem voru um 500 talsins, sérfræðingar, rannsakendur og aðrir aðilar sem vinna með börnum, var að finna mikla samstöðu og skýr skilaboð um mikilvægi forvarna, snemmtæktrar ihlutunar og samtali og samvinnu á milli kerfa er koma að málefnum barna.

Í framhaldi af ráðstefnunni hófst í velferðarráðuneytinu formleg vinna við endurskoðun á þjónustu við börn með ráðningu sérstaks verkefnastjóra í málefnum barna. Verkefnið er umfangsmikið, krefst mikillar samvinnu og áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu þvert á ráðuneyti og við aðra aðila er koma að þjónustu við börn, m.a. sveitarfélögin sem veita umfangsmikla félagsþjónustu, sinna verkefnum á sviði barnaverndar, annast þjónustu við fatlað fólk og reka grunnskóla og leikskóla.

Í byrjun september rituðu því ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu þess efnis að auka ætti samstarf milli málefna sviða sem undir hvern og einn aðila heyra og snúa að velferð barna. Yfirlýst markmið viljayfirlýsingarinnar var í samræmi við það sem fram hafði komið á SIMBA ráðstefnunni fyrir á árinu, að brjóta niður múra sem kunna að myndast á milli kerfa þegar tryggja þarf börnum heildstæða og samhæfða þjónustu og skapa raunverulega barnvænt samfélag.

Að sama skapi og endurskoðun á þjónustu við börn á ekki að snúast um eða takmarkast af flókinni stjórnsýslu er þverpólitísk nálgun verkefnisins nauðsynleg í jafn viðamiklum og flóknum málaflokki og um ræðir. Í byrjun október var því skipuð nefnd fulltrúa allra flokka á þingi, sem falið hefur verið leggja til breytingar á lögum, á reglugerðum eða á framkvæmd þjónustu, sem kunna að vera nauðsynlegar til að skapa heildarsýn í málefnum barna og þjónustu við þau. Nefndin hefur aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem teknar hafa verið saman um stöðu og þróun þjónustu við börn.

Þingmannanefnd um málefni barna:

- Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, formaður
- Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks
- Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar
- Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs
- Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata
- Inga Sæland, þingmaður Flokks fólksins
- Ómar Ásbjörn Óskarsson, varaþingmaður Viðreisnar
- Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmaður Miðflokks

Með nefndinni starfar:

- Erna Kristín Blöndal, lögfræðingur og verkefnastjóri í málefnum barna hjá félagsmálaráðuneytinu.

Til marks um þá áherslu ríkistjórnarinnar á málefni barna og ungmenna, er breytt skipan ráðuneyta og að heiti ráðherra málaflokksins er nú félags- og barnamálaráðherra.

Meðal verkefna hins nýja félagsmálaráðuneytis er að móta stefnu Íslands, framtíðarsýn og markmið í málefnum barna, forgangsraða og útfæra þau markmið í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára sem lögð verði fram á Alþingi og vinna skipulega að innleiðingu og framkvæmd fyrrgreindrar stefnu og áætlunar. Samhliða þessari vinnu mun hið nýja ráðuneyti leitast við að tengja betur saman stefnu í málefnum barna og stefnu í efnahagsmálum, greina hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir fjárlaga hafa á börn og hvernig unnt sé að samþætta velferð barna almennri fjárlagagerð líkt og unnið hefur verið að í verkefnum tengdum kynjaðri fjárlagagerð.

Unnið verður að stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum barna undir forystu stýrihóps stjórnarráðsins í málefnum barna, sem í eigi sæti fulltrúar heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, forsætisráðherra og félags- og barnamálaráðherra, sem stýri hópnunum. Með stýrihópnunum starfar fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna skipa

- Erna Kristín Blöndal, án tilnefningar, formaður
- Guðni Olgeirsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra
- Ingibjörg Sveinsdóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðherra
- Elisabet Gísladóttir, tilnefnd af dómsmálaráðherra
- Gústav Aron Gústavsson, tilnefndur af samgöngu- og sveitastjórnarráðherra
- Fanney Karlsdóttir, tilnefnd af forsætisráðherra
- Þór G. Þórarinnsson, tilnefndur af félags- og barnamálaráðherra


Eitt af meginmarkmiðum stýrihóps stjórnarráðsins í málefnum barna er að tryggja um ókomna tíð samræmda framkvæmd og þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra á öllum sviðum og hafa markvissa eftirfylgni með aðgerðum. Ráðherra og stýrihópnunum til ráðgjafar verður sérstakt ráð með fulltrúum stofnana, félagasamtaka og fleiri aðila samfélagsins, þar sem börn munu fá beina aðkomu.

Á meðan á yfirstandandi endurskoðun á þjónustu við börn stendur mun hlutverk stýrihópsins, ásamt fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þó einnig vera að styðja við starf þingmannanefndar um málefni barna sem mun á haustmánuðum 2019 leggja til tillögur á löggjöf og framkvæmd með það að markmiði að styrkja og samhæfa þjónustu við börn, tryggja að hún verði veitt þegar þörf krefur og sjá til þess að þjónustan verði samfelld og gangi þvert á þjónustukerfi.

Staða og skipurit vinnu við endurskoðun á þjónustu við börn

Að svo stöddu eru að hefja vinnu með þingmannanefnd og verkefnastjóra, nokkrir hliðarhópar sem samanstanda af ýmsum aðilum sem hafa þekkingu og reynslu af málaflokknum t.d. sérfræðingum, fulltrúum stofnana, sveitarfélaga og hjálparsamtaka sem og notendum kerfisins. Markmiðið er fá sem flesta að borðinu og reyna að ná heildarsýn í því hvernig eigi að stuðla að velferð barna á Íslandi og tryggja að þau, og fjölskyldur þeirra, fái þann stuðning og þjónustu, almenna sem og sértæka, sem þau þurfa á hverjum tíma. Hliðarhóparnir munu á næstu vikum og mánuðum skila tillögum til þingmannanefndar.

Félags- og barnamálaráðherra og þingmannanefnd um málefni barna, hvetja þá sem hafa reynslu eða þekkingu sem nýst getur í vinnunni, t.d. aðila er koma að þjónustu við börn, sem og notendur sömu þjónustukerfa, og hafa áhuga og getu til þátttöku, að bjóða fram krafta sína í einum eða fleiri hliðarhópum (sem hægt er að sjá á skipuriti hér að neðan) með því að senda tölvupóst á erna.blondal@frn.is. Á sama netfangi er einnig hægt að fá nánari upplýsingar um vinnuna og einstaka þætti hennar sé þess þörf.



Flóahreppur
v.t. Katrín Alda Sveinsdóttir
Austurvegi 4
800 Selfoss

Sent á netfangið: kasveinsdottir@kpmg.is


Selfossi, 5. febrúar 2019.

Efni: Beiðni um upplýsingar fyrir Flóahrepp.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs Eyðísar Þ. Indriðadóttur, sveitarstjóra, dagsett 28. janúar 2019, þar sem óskað var eftir að LEX veitti KPMG ehf. upplýsingar um hvort einhver málaferli ásamt skaðabótakröfum á hendur sveitarfélaginu væru fyrir hendi í lok ársins 2018 og önnur atriði, sem við teldum rétt að geta um.

Undirritaður er ekki meðvitaður um málaferli eða yfirvofandi kröfur gegn sveitarfélaginu í árslok 2018.

Virðingarfyllst,


Óskar Sigurðsson, hrl.

Afrit:

- Flóahreppur, b.t. Eyðísar Þ. Indriðadóttur, sveitarstjóra, Þingborg, 801 Selfoss.



FLÓAHREPPUR

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi

1. gr.

Almennt

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 4/1995 með síðari breytingum og 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaga sem rekin eru af menningar-, íþrótt- og æskulýðsfélögum.

3. gr.

Ellilífeyrisþegar

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. mars ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Uppfært í febrúar 2019

	2018		2018	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	3.370.335	100%	4.464.598	100%
Allt að	3.771.882	75%	5.083.095	75%
Allt að	4.171.524	50%	5.699.696	50%
Allt að	4.561.656	25%	6.318.186	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.



FLÓAHREPPUR

4. gr.

Bújarðir og útihús

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti af bújörðum eða af útihúsum.

5. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur húsa. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 16. desember 2009 og taka þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi nr. 1176 frá 27. desember 2006.

Flóahrepp 12. febrúar 2019
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri



**Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita**

Dalbaut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi
b/t Egils M. Benediktssonar
Hafnarbraut 30
780 Höfn**

Laugarvatni, 20. febrúar 2019
Tilvísun: 1901069 HM

Efni: Brimsstaðir (L200163); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting


Þann 20.2.2019 síðastliðinn var erindi þitt tekið fyrir hjá byggingarfulltrúa og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Mótttekinn var tölvupóstur þann 25.01.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gististaður án veitinga, minna gistiheimili (C) frá Guðbjörgu Lilju Ragnarsdóttir á jörðinni Brimsstaðir (F2277076) í Flóahreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 8 manns.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllst,


Hildur Magnúsdóttir
ritari byggingarfulltrúa
byggingarfulltrúi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
b/t Egils M. Benediktssonar
Hafnarbraut 36
780 Höfn



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími: 480 5550
www.utu.is

Laugarvatni, 6. febrúar 2019
Tilvísun: 1806080 HM

Efni: Mosató 3 hótél (L225133) Umsögn um rekstrarleyfi


Þann 6.2.2019 síðastliðinn var erindi þitt tekið fyrir hjá byggingarfulltrúa og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Mótttekinn var tölvupóstur þann 1.06.2018 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. IV frá 360 gráður ehf. kt. 531016 - 1060, fasteignanúmer F2363573, gististaður með áfengisveitingum - Hótél (A) í landi Mosató 3 hótél, L225133 í Flóahreppi.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis þar sem fullnægjandi lokaúttekt hefur ekki farið fram.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættlið.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita

Hildur Magnúsdóttir
ritari byggingarfulltrúa